

AGM 2014 í Vilnius 26. – 31. ágúst 2014



Það var með miklum spenningi sem ég lauk vinnudeginum á síðasta snúningi mánudaginn 30. ágúst og brunaði heim til að vera tilbúin þegar Steina ofurbílstjóri kæmi að sækja mig. Við vorum nefnilega á leið til Vilnius ásamt hópi magnaðra kvenna og skemmtilegra maka til að læra, njóta, skemmta okkur, kynnast og öðlast dýramæta reynslu og tengsl við aðrar LC konur hvaðanæva af úr heiminum. Ég hafði aldrei farið áður á AGM, en í gegnum LC vinkonur mínar hafði ég fengið gleðina beint í æð undanfarin ár með myndum, frásögnum og ljóma í augum.

Við brunuðum sem leið lá til Keflavíkur, þar sem tekið var á móti okkur í þessu fína gistirými á gamla vellinum. Gott að hafa góð sambönd, ekki við herinn þó, heldur fallega Keflavíkurmær. Við nafna mín Ragnheiður Ásta deildum herbergi frá fyrstu nóttu og sváfum eins og englar í örfáar klukkustundir. Þegar komið var í Leifsstöð tók við fyrsti fundur ferðarinnar, mjög svo óformlegur side by side fundur með landsforseta og IRO þeirra Round table manna. Við stelpurnar drukkum boost á meðan drengirnir sötruðu bjór. Það var þó ekki vísbending um það sem koma skyldi í okkar hópi.

Eftir millilendingu í Helsinki lentum við á ótrúlega krúttlegum og heimilislegum flugvelli í Vilnius. Þar biðu okkar tveir myndarmenn sem voru til þjónustu reiðubúinir. Báru fyrir okkur töskur og keyrðu okkur á ráðstefnuhótelinu. Fyrsta kvöldið í þessari fallegu borg fór í að finna veitingastað til að borða á og gekk það ekki alveg þrautalaust fyrir sig, en öll fengum við gott í gogginn fyrir rest.

Við náðum einum heilum degi sem túristar áður en herlegheitin hófust formlega. Á þessum túristadegi röltum við nöfnurnar um borgina á okkar hraða, prófuðum nokkur kaffihús, skoðuðum pínulitlar bókabúðir þar sem við fundum m.a. Egilssögu á Litháensku, fórum upp í kastalatern og fræddumst um sjálfstæðisbaráttu Eyrstrasaltsríkjanna. Afar góður dagur.

Næsta dag var svo bara að setja sig í stellingar fyrir hátíðarhöldin. Fyrsta vers fólst í kynningu á AGM2015 á fulltrúaráðsfundi sem haldinn var á ráðstefnuhótelinu. Við stelpurnar skörtuðum fínu AGM bolunum með todo listanum góða og strákarnir í hópnum tóku þátt í kynningunni með okkur með því að vera gangandi auglýsing um það sem Ísland hefur uppá að bjóða; myndarlegir karlmenn, gott Tópas skot, fallegur fáni og hressleiki fyrir allan peninginn ☺ Kynningin gekk auðvitað sérlega vel og allir fögnuðu ákaft. Vers tvö var opunarhátíð og skrúðganga. Eftir nokkurt bras við að festa skotthúfurnar í hárinu, örkuðum við í undurfallegu júníformi í átt að opunarhátíð. Íslenski hópurinn var einstaklega flottur á að líta og það var fallegt að sjá fánann okkar ýmist á bringu karlmanna eða í höndum fagurra kvenna. Eftir opunarhátíð tók við skrúðganga, og því lík upplifun. Aldrei hefði ég trúað því að manni gæti þótt svona skemmtilegt í skrúðgöngu um erlenda borg. Mér leið eins og

ég væri 5 ára á ný. Brosti hringinn og heilsaði öllum sem fylgdust með göngunni. Opnunarpartýið setti svo punktinn yfir i-ið þetta kvöld og var það hin besta skemmtun. Ég var afar dugleg að skiptast á pinnum við konur frá ólíkum löndum en var ekki jafn tilbúin að skiptast á húfum. Erlendu konurnar voru sólgnar í skotthúfurnar okkar og átti ég fullt í fangi með að halda í fallega erfðagripinn á höfðinu á mér, það lá við um stund að ég ætti fótum mínum fjör að launa þegar ein heldur ágeng hollensk kvinna ætlaði að rífa húfuna af mér! Við Íslendingarnir áttum að sjálfsögðu svæðið á dansgólfinu og entumst lengst. Okkur fannst við lang flottust. Veit ekki hvort aðrir voru á sama máli ☺



Föstudagurinn rann upp bjartur og fagur og ég hlakkaði til að upplifa AGM fundinn sjálfan. Hann var langur en ekki leiðinlegur, áhugaverður og oft bara mjög skemmtilegur. Mikið var ég samt fegin að vera ekki of þreytt eða timbruð, því kaffi var ekki á hverju strái þennan dag og eins gott að vera þokkalega vakandi til að fylgjast með! Það var sérlega ánægjulegt að fylgjast með afhendingu styrks til Children of the dump og eins fannst mér mjög ánægjulegt að það skyldu þrjú ný lönd vera tekin inn í samtökin. Frábær upplifun og gaman að sjá hvernig hlutirnir virka svona á heimsvísu. Það er gott að minna sig á það reglulega hvað heimurinn er í raun og veru lítill og hvað við erum öll ein stór fjölskylda.

Ég var einstaklega heppin með heimapartý. Hún Laura gestgjafi safnaði okkur saman á torginu og saman röltum við góðan spöl eftir þröngum götum, niður brekkur og upp, þar til við komum heim til hennar þar sem eiginmaðurinn tók á móti okkur með stæl ☺ Þessi ungu hjón voru algjörlega einstök og lögðu sig fram um að hafa partýið fullkomið fyrir okkur allar. Það má með sanni segjast að það hafi tekist mjög mjög vel. Þetta byrjaði rólega en þegar heim var haldið var búið að búa til kór og syngja keðjusöng, búið að dansa alls kyns dansa sem voru fyrir einhverjum konum mjög framandi og síðast en ekki síst var búið til frábært myndband með okkur í aðalhlutverki. Ég bíð spennt eftir að fá það sent í tölvupósti ☺ Eftir heimapartýið fórum við auðvitað í bæinn og það var frábært að hitta íslenska vini enn og aftur og fá sér einn sveittan burger á næturstaðnum okkar góða!

Á laugardeginum sáum við nöfnurnar aldeilis fyrir okkur rólegheitadag, en einhverra hluta vegna endaði hann samt þannig að við vorum á síðustu stundu að klæða okkur og mála fyrir gala kvöldið. Merkilegt alveg. Náði ekki einu sinni að naglalakka mig, ekki frekar en fyrri daginn, en það bjargaðist þó síðar um kvöldið með aðstoð ljónastyttu í garðinum hjá Gala ☺ Gala kvöldið var auðvitað stórglæsilegt og mjög svo skemmtilegt, þótt tíkurnar drama og róma hafi tekið heldur mikil völd þegar líða fór á kvöldið. Ég var þó ekki í aðalhlutverki þar, þ.a. ég gat snúið mér að glasinu og skemmtilegum samræðum þegar mér hentaði ☺ Undur fögru piltarnir sem eignuðu sér ekki bara sviðið, heldur augu og jafnvel hjörtu margra kvenna á dansgólfinu, ættu alveg skilið að fá lofræðu um sinn þátt í kvöldinu, en ég ætla að spara pappírinn og láta nægja að segja: Þeir voru mikið augnakonfekt ;))



Það var þeytt en afar sæl kona sem hélt heimleiðis til Íslands á sunnudeginum, reynslunni ríkari, búin að kynnst frábærum konum frá öllum heiminum, eignast nýjar vinkonur og öðlast dýrmæta sýn á alþjóðlega starfsemi Ladies circle. Það er öruggt mál að ég mun fara aftur á AGM, og aftur og aftur og aftur ☺

Takk fyrir yndislega daga elsku LC systur og makar. Ég hlakka til fleiri samverustunda með ykkur öllum.

Ragnheiður Lilja LC1



ICELAND 2015
LCI CONFERENCE